

Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafirði



Ísafjörður, 3. apríl 2017


Vegna: Tilnefning í stjórn Blábankans ses.

Skipulagshópur um Blábankann vinnur nú að stofnun Blábankans ses., samfélagsmiðstöðvar á Þingeyri, með það að markmiði að skapa og laða að þjónustu sem mun nýtast nærsamfélaginu og gestum þess. Aðstandendur Blábankans eru Nýsköpunarmiðstöð Íslands, innanríkisráðuneytið, Landsbankinn, Simbahöllin og Vestinvest. Innanríkisráðuneytið leggur verkefninu til framlag í rekstur verkefnisins fyrstu árin og Landbankinn leggur fram húsnæði í samræmi við samkomulag milli aðila, en aðrir framangreindir aðilar verða stofnfélagar verkefnisins. Einnig verður öllum boðið að gerast stofnfélagar til og með 1. september n.k. til að styrkja grunn Blábankans.

Samkvæmt drögum að samþykktum sjálfseignarstofnunarinnar er gert ráð fyrir 3-5 stjórnarmönnum og jafn mörgum varamönnum. Vestinvest, Nýsköpunarmiðstöð og Ísafjarðarbær tilnefna hver sinn stjórnarmann. Tillaga liggur fyrir um að Hverfisráð Íbúasamtakanna Átaks á Þingeyri tilnefni einn aðila í stjórn (auk varamanns) en að tilnefning 5. stjórnarmannsins (auk varamanns) verði frestað þar til stofnfélagaskráin er klár 1. september n.k.

Undirritaður, f.h. skipulagshóps um Blábankann, samfélagsmiðstöð á Þingeyri óskar hér með eftir að Ísafjarðarbær tilnefni einn aðalmann og einn varamann í stjórn Blábankans ses.

Virðingarfyllt,
f.h. skipulagshóps um Blábankann



Alain De Cat,
framkvæmdastjóri Vestinvest ehf., kt. 190468 2759